

1863.
8. desbrm.

búa á einum áttunda parti jarðarinnar fyrir 20 álna landskuld, fái 5 álna lækkun hvor, en að þeir tveir ábúendurnir, sem eptir byggingarbréfum sínum aðeins eiga að greiða 15 álnir hvor í landskuld fyrir áttunda part jarðarinnar, skuli greiða þessa sömu landskuld.

Útaf þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það hlutaðeigendum, að stjórnarráðið, samkvæmt tillögum yðar, herra stiptamtmaður, og eptir þeim skýrslum, sem það hefir fengið um, hvernig ástatt er, fellst á, að jarðaraufgjaldið sé lækkað á þann hátt, sem hlutaðeigandi umbodsmáður mælti fram með, um fimm ár, er talin séu frá farðögum yfirstandandi árs.

8. desbrm. **94. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um skuld kirkjunnar í Einholti til sóknarprestsins.**

Útaf bænarskrá, er Guðný Jónsdóttir, ekkja eptir sira Ólaf Magnússon, fyrrum prest til Einhólts í Austurskaptafells sýslu, hafði sent yður, og sem hinn núverandi prestur í brauðinu hafði mælt fram með, hafið þér, háæruverðugi herra, í bréfi 23. septembermán. þ. á. stungið upp á, að hún af fê Einhólts kirkju fái borgaða þá 150 rdl., sem maður hennar átti hjá kirkjunni, af því, er hann hafði kostað uppá að láta byggja hana upp af nýju, á þann hátt, að hlutaðeigandi prestur verði skyldaður til að borga í 5 ár í röð 30 rdl. á ári af skuld þessari.

Um þetta efni er yður hérmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þér birtið það hlutaðeigendum, að stjórnarráðið samþykkir uppástungu yðar, ef stiptamtmaðurinn fellst á hana.

8. desbrm. **95. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um skuld kirkjunnar á Desjarmýri til sóknarprestsins.**

Með bréfi 24. dag septembermán. þ. á. hafið þér, háæruverðugi herra, sent stjórnarráðinu bænarskrá frá Sigurði Gunn-

1863.

8. desbrm.

arssyni, fyrrum presti til Desjarmýrar en nú til Hallormsstaðar, um að leyft verði að honum smátt og smátt verði borgaðir 600 rdl. af fê kirkjunnar á Desjarmýri til endurgjalds fyrir það, að hann lét byggja hana upp af nýju; er meðal annars með bænarskrá þessari meðmæling frá prestinum, sem nú er á Desjarmýri. Um leið og þér í bréfi yðar-getið þess, að varla verði fallið á, að kirkja þessi sé látin borga alla þá upphæð, sem Sigurður prestur Gunnarsson sækir um, vegna þess, hve litlar séu tekjur hennar, þá stingið þér uppá, að hún sé látin á 10 árum borga honum allt að 400 rdl., þó svo, að hlutaðeigandi prófastur gæti þess, að ávallt séu næg efni til árlegra gjalda kirkjunnar.

Útaf þessu kunngjörir kirkju- og kennslustjórnin yður, yður til leiðbeiningar og til þess að þér birtið það hlutaðeigendum, að stjórnarráðið samþykkir uppástungu yðar, háæruverðugi herra, ef stiptamtmaðurinn fellst á hana.

96. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk til að endurbæta hina íslenzku þýðing gamla testamentisins. 22. desbrm.

Með bréfi yðar, háæruverðugi herra, dags. 3. d. októbermán. þ. á., hafið þér sent hingað bænarskrá frá Pètri prófessor Péturssyni, forstöðumanni prestaskólans í Reykjavík, og Sigurði Melsted, fyrsta kennara við skóla þenna, um að þeim verði veittur fêstyrkur til að endurbæta hina íslenzku biblíuþýðing gamla-testamentisins, með því skilyrði, að þeir hafi lokið starfa þessum á næstu tveim árum, og hefir stjórnarráðið útaf bænarskrá þessari veitt beiðendunum 200 rd. í þessu skyni.

Þetta er yður hérmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það hlutaðeigendum, og hefir landfógetanum á Íslandi í dag verið boðið að greiða fêð úr jarðabókarsjóðnum.